

**Mál nr. 293/2017****M og****vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og  
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Áræktur í bílageymslu í Engjaseli 17.8.2017.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttækið 6.9.2017, ásamt fylgiskjölum.

Tölvupóstur V2, dags. 8.9.2017.

Tölvupóstur V1, dags. 20.9.2017.

**Málsatvik.**

Í tjónstilkynningu frá ökumanni bifreiðar A (M) kemur fram að áræktur varð með bifreiðum A og B og á að bifreið A hafi verið akið aftur á bak og beygt til vinstri á meðan bifreið B hafi verið úr bifreiðastæði. Í frekari gögnum frá ökumanni bifreiðar A kemur fram að hann kveðst hafa stöðvað bifreið sína vegna viðvörunar frá bakkskynjara bifreiðarinnar og þá hafi bifreið B verið ekið á bifreið A, þannig að kerra aftan í bifreið B fór utan í bifreið A. Ökumaður bifreiðar A bendir einnig á rispur bifreið sinni máli sínu til stuðnings.

Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa verið kyrrstæður fyrir aftan bifreið A og þegar bifreið A hafi verið ekið aftur á bak þá segist ökumaður bifreiðar B hafa ekið aðeins áfram til að reyna að koma í veg fyrir áræktur, en það hafi ekki dugað til og ökumaður bifreiðar B hafi lent á kerru sem var aftan í bifreið A.

V1 telur að leggja eigi til grundvallar að bifreið A hafi verið kyrrstæð þegar áræktur varð og hafi ökumaður bifreiðar B því ekki gætt nægilegrar varúðar í skilningi 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga þegar hann ók af stað úr kyrrstöðu þannig að áræktur varð með bifreiðum A og B og fyrirmæli greinarinnar séu að hann skuli gæta þess að slíkur akstur sé án óþæginda fyrir aðra.

V2 telur að það eigi að leggja alla sök á ökumann bifreiðar A fyrir að hafa ekki gætt nægilega að sér við akstur aftur á bak og þannig hafi ökumaðurinn ekki gætt fyrirmæla 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem fram komi að ökumanni sem ekur aftur á bak beri að ganga úr skugga um að það sé hægt án hættu og óþæginda fyrir aðra.

**Álit.**

Ökumönnum bifreiða A og B ber ekki að öllu leyti saman um aðdraganda árækturs og þeir skila ekki sameiginlegri tjónstilkynningu til sinna vátryggingafélaga. Af þeim gögnum sem liggja fyrir verður ekki séð að bifreið A hafi verið kyrrstæð við áræktur, eða það löngu fyrir að máli skipti við sakarskiptingu. Ökumanni bifreiðar A bar að gæta að umferð fyrir aftan sig þegar hann ók aftur á bak, sbr. 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga. Verður hann að bera hallann af sönnunarskortum um að ökumaður bifreiðar B hafi einnig ekið gegn fyrirmælum umferðarlaga. Af gögnum málsins verður ekki séð að akstur ökumanns bifreiðar B hafi verið með þeim hætti. Ökumaður bifreiðar A ber því alla sök.

**Niðurstaða.**

Öll sök á ökumann bifreiðar A.

Reykjavík, 14. nóvember 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.